

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1979

8. júní 1979.

431

Nr. 241.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 430/1978 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0—4,9	15,00	15,0—15,9	26,60
5,0—5,9	15,90	16,0—16,9	27,90
6,0—6,9	16,90	17,0—17,9	29,30
7,0—7,9	17,80	18,0—18,9	30,70
8,0—8,9	18,80	19,0—19,9	32,00
9,0—9,9	19,70	20,0—20,9	33,40
10,0—10,9	20,60	21,0—21,9	34,70
11,0—11,9	21,60	22,0—22,9	36,10
12,0—12,9	22,50	23,0—23,9	37,50
13,0—13,9	23,90	24,0—24,9	38,80
14,0—14,9	25,20	25,0—25,9	40,20

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

2. gr.

1. mgr. e. liðar 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, lögum nr. 78 23. desember 1975 og lögum nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum. Reglugerðin öðlast gildi 10. júní 1979. Hafi

ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 2. álestrartímabils 1979 (10. febrúar til 10. júní) á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álestrartímabils, skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1979.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.